

101. gr.

34

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál. 18. marz

102. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 3000 krónum, ásamt álagi samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk, er ekki verður unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila, ef þörf gerist, með lögtaki.

103. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

104. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 18. marz 1954.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

35

um breyting á samþykkt nr. 68 9. marz 1945, um lokunartíma sölubúða á Eskifirði. 24. marz

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Alla laugardaga skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 3 e. h. og alla föstudaga eigi síðar en kl. 7 e. h.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1954.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.